

**Nd.**

## **253. Frumvarp til laga**

um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

### 1. gr.

Heimilt er að verja allt að 50000 krónum af fé því, er ríkið leggur árlega til byggingar- og landnámssjóðs, sem óafturkræfu framlagi til endurbygginga eða endurbóta á íbúðarhúsum á jörðum í sveit, enda séu þær í sjálfsábúð, eða heimilt að byggja þær í erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.

### 2. gr.

Fé þetta má veita þegar svo stendur á og eftir þeim reglum, er hér segir:

- a. Að bæjarhús jarðarinnar séu að dómi læknis og hreppstjóra óhæf til íbúðar, svo ætla megi, að heilsu manna geti stafað tjón af.
- b. Að ábúandi sé ekki fær um að endurreisa bæjarhúsin af eigin rammleik, að dómi nýbýlanefndar ríkisins.
- c. Jarðir í sjálfsábúð koma hér aðeins til greina, þegar fasteignamat bæjarhúsa er undir 1000 kr.
- d. Jarðir í erfðaábúð koma því aðeins til greina, að fasteignamat landsins sé eigi hærra en 5000 krónur.
- e. Framlagið til hvers einstaks býlis má vera 500—1500 krónur, þó aldrei meira en  $\frac{1}{3}$  hluti kostnaðar.

### 3. gr.

Nýbýlastjórn ríkisins ákveður, hverjar jarðir skuli verða aðnjótandi framlags þess til bygginga, er um ræðir í lögum þessum, og ákveður npphæðina á hverja jörð. Getur hún krafizt allra þeirra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru í því sambandi, og sett þau skilyrði um byggingarnar, er hún telur þurfa, til að tryggja, að þær komi að sem fyllstum notum.

### 4. gr.

Verðmæti það, er fyrir framlag þetta stendur í byggingunni, skal á hverjum tíma meta sér í fasteignamati. Skal það vera óafturkræft, vaxtalaust fylgifié jarðarinnar, sem undanþegið er eignarskatti, og má hvorki selja það né veðsetja.

### 5. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda árið 1937, en falla úr gildi árið 1950.